



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VERÐLAUN FORVARNARDAGSINS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir í dag, verðlaun Forvarnardagsins. Þau eru veitt ungmennum sem tóku þátt í net-ratleik grunnskólanemenda á Forvarnardaginn 2007. Athöfnin verður á Bessastöðum kl. 14:00.

Verðlaunahafarnir eru frá Heiðarskóla í Leirársveit, Grunnskólanum á Þingeyri og Landakotsskóla. Þeir leystu verkefni sem samið var af fulltrúum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Bandalags íslenskra skáta.

Verkefnið snerist um þekkingu á starfsemi hreyfinganna sem byggði á því að kynna sér hana á heimasíðum þeirra. Hundruð grunnskólanemenda sendu inn réttar lausnir.

Forvarnardagurinn var haldinn um allt land þann 21. nóvember síðastliðinn. Sérstök dagskrá var í öllum 9. bekkjum grunnskólanna þar sem ungmenni tókust á við spurningar um aukna samveru foreldra og ungmenna, þátttöku í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi og mikilvægi þess að fresta því að hefja neyslu áfengis. Fylgi ungmenni nokkrum einföldum heillaráðum eru hverfandi líkur á því að þau leiðist inn á braut fíkniefna.

Forseti Íslands hafði frumkvæði að Forvarnardeginum en ásamt forsetaembættinu stóðu að deginum Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og lyfjafyrirtækið Actavis sem var styrktaraðili Forvarnardagsins.

Fjölmiðlum er boðið að vera viðstaddir verðlaunaafendinguna og ræða við ungmennin að henni lokinni.

Heimasíða Forvarnardagsins er: forvarnardagur.is

18. desember 2007

Nánari upplýsingar veita Ólöf Kristín Sívertsen verkefnisstjóri Forvarnardagsins í síma 695 0206 og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri á skrifstofu forseta í sínum 540 4400 og 820 4946.